

Veitinga/skemmtistaðurinn Salka/Pakkhúskjallarinn

Veitinga/skemmtistaðurinn Gamli Baukur/Skipasmíðastöðin

Fosshótel Húsavík

Lögreglan á Húsavík

Stjórn Foreldrafélags FSH ákvað á stjórnarfundum þann 12.mars 2009 að skora á þá aðila sem að ofan eru upptaldir, að efla til muna eftirfylgni laga er varða aldurstakmörk inn á veitinga og skemmtistaði í bænum og virða áfengislöggjöfina, jafnt innan sem utan þessara staða.

Almenn regla er að vera orðinn 18 ára til að fá aðgang inná þessa staði og lögin segja 20 ára aldur til að mega versla, meðhöndla og/eða neyta áfengis. Okkur hefur þótt bera á því að það er mun fyrr sem þau komast inn, jafnvel strax og grunnskóla lýkur, og það sem verra er, fá að vera inni. Og ef þau eru að neyta áfengis þá fá þau það oft óáreitt, þó þau fái kannski ekki alltaf sjálf afgreiðslu á barnum.

Við foreldrar vitum að börnin okkar eru á okkar ábyrgð, en við viljum geta treyst því að lögum um aðgang þeirra að áfengi og skemmtistöðum sé fylgt eftir af þeim sem það eiga að gera.

Við eigum flottan hóp skemmtilegra og efnilegra ungmenna hér í bæ og við trúum því að allir sem geta, vilji tryggja þeim öruggt og ábyrgt samfélag. Því biðlum við til lögreglu og ábyrgðaraðila staðanna, að hjálpa okkur til að halda börnum sem ekki hafa náð 18 ára aldri, utan dyra skemmtistaðanna og vísa þeim heim til sín ef þau eru drukkin á almannafæri.

Með von um jákvæð og góð viðbrögð. Við foreldrar og framangreindir aðilar þurfum að standa saman um að virða lögin svo viðunandi ástand náist.

f.h. stjórnar foreldrafélags FSH

---

Helga Sveinbjörnsdóttir